

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isi.is, www.isi.is, www.olympic.is



Allsherjarnefnd Alþingis

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1388
komudagur 25.3.2010*

Reykjavík, 24. mars 2010

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið til umfjöllunar þingsályktunartillögu um ofangreint málefni.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnar framtaki sem þessu og hvetur til þess að litið verði til íþróttahreyfingarinnar í þeirri vinnu sem framundan er. Áhrifa íþróttar gætir víða í samfélaginu, svo sem á sviði heilbrigðismála, forvarnamála, uppeldismála, félagsauðs, ferðamannþjónustu, samfélagsþjónustu, menntunar og mannvirkjagerðar, svo eitthvað sé nefnt.

Meira en þriðjungur þjóðarinnar kemur að íþróttum á einn eða annan hátt. Íþróttahreyfingin er borin upp af sjálfbærliðum en öflugt íþróttalíf skapar jafnframt störf innan sveitarfélaga, hvort heldur er við þjálfun, stjórnun og/eða rekstur mannvirkja. Mikil sóknarfæri liggja einnig í því að standa fyrir alþjóðlegum íþróttavliðburðum.

Í því samhengi má nefna að í lokaverkefni Þórdísar Lilju Gísladóttur til MA prófs í menningar- og menntastjórnun árið 2006 kemur m.a. fram að áætluð eyðsla um 700 erlendra þátttakenda sem tóku þátt í Reykjavíkummarþoni 2006 sé rúmar 67 milljónir króna.

Íþróttahreyfingin hefur í hvívetna lagt metnað sinn í að halda úti góðri þjónustu við íslenskt samfélag, koma til móts við breyttar þarfir og upphugsa ný tækifæri í ljósi þrenginga í þjóðfélaginu. Nýlega hófst samstarf Vinnumálastofnunar og ÍSÍ þar sem markmiðið er að skapa atvinnuleitendum störf í íþróttahreyfingunni.

Íslenskt afreksfólks í íþróttum hefur undanfarin ár náð markverðum árangri á alþjóðavísu og vakið mikla athygli bæði hér heima og á erlendri grundu. Árangur íslenskra afreksíþróttamanna skapar samhug meðal þjóðarinnar og lýsandi dæmi um það er árangur íslenska karlalandsliðið í handknattleik á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og EM 2010.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands leggur áherslu á að íþróttahreyfingin fái að koma að undirbúningi sóknaráætlunar með virkum hætti.

Virðingarfyllst,
ÍSÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri